



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Alþingi

Erindi nr. P 130/416

komudagur 2.12.2003

Reykjavík, 1. desember 2003.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga um stöðu hjóna og sambúðarfólks, 47. mál, lagt fram á 130. löggjafarþingi.

Öryrkjabandalag Íslands vekur athygli á að rök flutningsmanna frumvarpsins eiga einnig við um fjölda öryrkja. Ýmsar tekjutengingar og skerðingar bóta valda því að fjölmargir lífeyrisþegar telja sig ekki hafa efni á að hefja sambúð eða stofna til hjónabands enda eru færri öryrkjar í hjónabandi en gengur og gerist. Jafnframt því sem hið háa alþingi Íslendinga hefur með takmörkuðum ráðstöfunum reynt að tryggja hag einstæðra foreldra og einstæðra öryrkja hafa alþingismenn séð til þess að þeim lífeyrisþegum, sem kjósa að hefja sambúð eða stofna til hjónabands, sé haldið innan marka fátæktar. Það er því eðlilegt og skylt að Alþingi láti kanna ástæður þess að jafnfáir öryrkjar hefji sambúð eða stofni til hjónabands og raun ber vitni.

Að lokum skal minnt á að meirihluti þingmanna samþykkti lög hinn 24. janúar 2001 sem brutu í bága við dóm Hæstaréttar frá 19. desember 2000 þar sem fjallað var um tengingu bóta við tekjur maka. Þótt breytingar á lögum um almannatryggingar sem fylgdu í kjölfarið hafi að vísu verið nokkur réttarbót hefur Alþingi þó séð svo um að ennþá hangi refsivöndur tekjuskerðingar og fátæktar yfir þeim öryrkjum sem vilja hefja búskap eða stofna til hjónabands. Rök flutningsmanna frumvarpsins um hagræði af sambúð tveggja einstaklinga eiga vissulega við. En vegna lágra upphæða sem Alþingi hefur gert fjölmörgum öryrkjum að draga fram lífið af, eiga þau vart við hér.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands

Arnpór Helgason

Arnpór Helgason, framkvæmdastjóri